



# VÍSINDASTARF Á LANDSPÍTALA 2025

UMHYGGJA | FAGMENNSKA | ÖRYGGI | FRAMÞRÓUN



LANDSPÍTALI

Útgefandi: Landspítali maí 2026 – Vísindadeild – Ljósmyndir: Þorkell Þorkelsson

# Efnisyfirlit

Tíminn, vatnið og hunangið .....	3
Úthlutun rannsóknastyrkja Vísindasjóðs 2025 .....	4
Helstu verkefni Vísindaráðs 2025 .....	4
Heiðursvísindamaður Landspítala 2025 .....	5
Ungur vísindamaður Landspítala 2025 .....	5
Verðlaunaágrip á vordögum .....	5
Styrkir til ungra vísindamanna 2025.....	6
Verðlaunasjóðir .....	6
Klínískt rannsóknasetur Landspítala og Háskóla Íslands (KRS) .....	7
Heilbrigðisvísindabókasafn Landspítala og Háskóla Íslands .....	7
Heilbrigðistæknisetur .....	8
Klínískar rannsóknastofur á Landspítala .....	9

## Yfirlit yfir vísindastörf á Landspítala 2025

Augnlæknisfræði .....	10
Barnalæknisfræði .....	10
Bráðalæknisfræði.....	13
Endurhæfingarlæknisfræði/Sjúkraþjálfun .....	14
Sjúkraþjálfun .....	14
Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar .....	15
Geðsjúkdómafræði .....	17
Almenn geðlæknisfræði .....	17
Sálarfræði.....	18
Krabbameinslæknisfræði .....	21
Fræðastarfsemi lífvísindasviðs læknadeildar HÍ í erfða- og sameindalæknisfræði og klínískri lífefnafræði.....	22
Lyflæknisfræði .....	24
Blóðlæknisfræði .....	24
Gigtarlæknisfræði.....	26
Hjartalæknisfræði .....	28
Húð- og kynsjúkdómalæknisfræði.....	30
Innkirtlalæknisfræði.....	30
Lungnalæknisfræði .....	31
Svefnlæknisfræði .....	32
Meltingarlæknisfræði .....	34
Nýrnalæknisfræði .....	35
Smitsjúkdómalæknisfræði .....	37
Meinafræði .....	38
Myndgreining.....	40
Ónæmisfræði.....	41
Skurðlæknisfræði .....	42

Bæklunarskurðlæknisfræði .....	42
Háls- nef og eyrnaskurðlæknisfræði .....	44
Heila- og taugaskurðlæknisfræði .....	44
Lýtaskurðlæknisfræði .....	44
Æðaskurðlæknisfræði .....	44
Kviðarholsskurðlækningar .....	44
Brjóstaskurðlækningar .....	45
Hjarta- og lungnaskurðlæknisfræði .....	45
Pvafgæraskurðlæknisfræði .....	46
Svæfinga- og gjörgæslulæknisfræði .....	46
Sýkla- og veirufræði .....	49
Taugasjúkdómafræði .....	50
Öldrunarlæknisfræði og öldrunarfræði .....	51
Barnahjúkrun .....	52
Bráðahjúkrun.....	53
Endurhæfingarhjúkrun .....	54
Fjölskylduhjúkrun.....	55
Geðhjúkrun .....	55
Hjúkrun aðgerðasjúklinga .....	57
Hjúkrun langveikra.....	57
Hjúkrunarstjórnun.....	58
Krabbameinshjúkrun .....	58
Kynheilbrigði og forvarnir.....	59
Skurð- og svæfingahjúkrun.....	59
Gjörgæsluhjúkrun .....	60
Öldrunarhjúkrun .....	60
Ljós móðurfræði .....	61
Blóðbankinn .....	62
Lífisfræði og læknisfræðileg eðlisfræði .....	63
Félagsráðgjöf .....	63
Geislafræðingar .....	63
Iðjuþjálfun .....	64
Lyfjafræði .....	64
Næringarfræði .....	65
Talmeinafræði .....	66
Verkfræðingar .....	66
Sálgæsla presta og djákna .....	67

Viðauki I: Erindi samþykkt af Siðanefnd heilbrigðisrannsókna á Landspítala 2025.....

Viðauki II: Erindi tengd Landspítala, samþykkt af Vísindasiðanefnd 2025.....



Magnús Gottfredsson, forstöðumaður vísinda og prófessor við Háskóla Íslands.

## Tíminn, vatnið og hunangið

Í tilviki rannsókna er tíminn ekki eins og vatnið í samnefndu ljóði Steins Steinars, heldur frekar eins og seigfljótandi hunang sem búið er til í flóknu vistkerfi. Fræg athugun úr læknisfræði sýndi að það tekur 17 ár að jafnaði frá því að rannsóknasurning er sett fram þar til niðurstaða er fengin, sem leiðir til raunverulegra breytinga á meðferð sjúklinga. Dæmi eru um bæði mun lengri tíma og einnig skemmi, en mestu skiptir að átta sig á að önnur tímalögmál eiga við um atburðarás vísindalegrar þekkingarsköpunar en flesta aðra starfsemi. Almennit miða bjartsýnismenn við að stefnumótandi ákvörðun sem tekin er í dag um vísindastarf geti farið að skila mælanlegum árangri eða sýna afrakstur 10-15 árum síðar. Úthald og langtímahugsun er því mikilvæg í þessum málaflokki. Á Landspítala höldum við nú ársfund þar sem árið 2025 er gert upp, en þar er í reynd sumpart verið að fjalla um vísindaverkefni sem hófust 2010-2015 eða eiga sér jafnvel enn lengri sögu.

Það eru gömul sannindi og ný að það sem er mælt fær athygli – og það sem fær athygli vex og dafnar. Því skiptir máli að lykilmælikvarðar séu vel valdir og að með þeim sé fylgst. Landspítali hefur um árabil stuðst við fjóra árangursvísa til að meta grósku og gæði vísindastarfa starfsmanna sinna. Það er mikilvægt skref í rétta átt, að á árinu 2025 var fjölgun á birtum erlendum ritrýndum vísindagreinum með aðild starfsmanna spítalans eins og sjá má á mynd 1. Undanfarin þrjú ár hefur einnig verið fylgst sérstaklega með þeim erlendu vísindagreinum þar sem annað hvort fyrsti höfundur, síðasti höfundur eða báðir eru starfsmenn Landspítala og þessar greinar eru auðkenndar sérstaklega í ársskýrslu vísindastarfs. Ástæðan fyrir þessu er sú að slík


verkefni eru talin líklegri til að skilja eftir sig varanlegan ábata í menningu og innviðum á spítalanum og íslensku rannsóknasamfélagi, enda má álykta að slíkum verkefnum sé oftast stjórnað héðan eða frá Háskóla Íslands sem er mikilvægasti samstarfsaðili spítalans. Hlutdeild slíkra vísindagreina hefur vaxið úr 31% í 39% á þessu árabili, sem er afar jákvætt. Á sama tíma er mikilvægt að fylgjast vel með gæðum vísindastarfseminnar, sem oftast er gert með talningu á tilvitnunum eða leiðréttum tilvitnanastuðli (Field Weighted Citation Impact) þar sem leiðrétt er fyrir viðkomandi rannsóknasviði. Slík gögn benda til að tilvitnanir í verk þar sem einhver höfundur kemur frá Landspítala árabilið 2020-2025 hafi verið 80-100% yfir meðaltali á heimsvísu. Mynd 2 sýnir fjölda leyfa til nýrra rannsókna, sem helst svipaður milli ára en langtímaleitnin stefnir þó niður á við sem bendir til að færri áformi rannsóknir. Fjöldi meistara – og doktorsnema er sýndur á mynd 3, en þar er um að ræða alla nema sem vinna verkefni sín á einhvern hátt með aðild spítalans og koma þeir frá ýmsum skólum þótt Háskóli Íslands vegi þar þyngst. Þessar tölur hafa haldist að mestu óbreyttar undanfarin ár. Síðasti mælikvarðinn er umfang styrkja sem starfsmenn afla og má sjá á mynd 4. Hér erum við komin að mælikvarða sem hefur áhrif á afrakstur eftir nokkur ár hið minnsta. Þar benda niðurstöður til þverrandi styrkjasóknar og lækkaði árangurs hlutfalls sem eru í senn vonbrigði og mikið áhyggjuefni.

Stuðningur í verki við samkeppnisjóði fer hvorki saman við yfirlýsingar stjórnvalda undanfarin ár, né vísindastefnu spítalans undanfarin 20 ár. Gott dæmi um það er Heilbrigðisvísindasjóður sem enn er ekki fjármagnaður. Hér virðist stjórnvöld skorta sannfæringu fyrir mikilvægi vísinda og rannsókna, enda þótt ítrekað hafi verið á það bent að slíkur stuðningur við vísindastarf sé skynsamlegur, bæði í formi öruggari og betri meðferðar sjúklinga, beins fjárhagslegs ábata og aukinnar starfsánægju.

Við lifum á tímum sívaxandi athyglisbrests þar sem margt glepur hugann en staðreyndin er sú að án raunverulegs stuðnings í verki er ekki hægt að byggja upp og viðhalda rannsóknastarfi sem skilar miklum árangri. Ekki er langt síðan heimurinn stóð í hringiðu heimsfaraldurs þar sem Ísland tókst á við risavaxið verkefni með samstöðu og vísindalega þekkingu að leiðarljósi. Þar sannaði mikilvægi vísindanna gildi sitt með eftirminnilegum hætti og því verðum við að halda á lofti. Hunang og vísindi eru hvort tveggja flókin en meinholl afsprengi margra samverkandi þátta. Við gerð hvors tveggja eru skýr markmið, videigandi hráefni og árangursríkt samstarf í öndvegi, en afraksturinn kemur ekki strax í ljós. Reynslan sýnir að við þurfum stöðugt að minna okkur sjálf, stjórnvöld og samfélagið allt á að rannsóknir eru forsendur framfara í heilbrigðisvísindum.


Mynd 1

### Ritrýndar greinar starfsmanna Landspítala árin 2020-2025




Mynd 2

### Fjöldi nýrra leyfa til rannsókna 2020-2025




Mynd 3

### Fjöldi doktors- og meistaranevna árin 2020-2025 sem tengjast Landspítala



Mynd 4

### Vísindastyrkir starfsmanna Landspítala árin 2020-2025





Verðlauna- og styrkhafar á Vísindum á vordögum 2025.

## Úthlutun rannsóknastyrkja Vísindasjóðs 2025

### Verkefnastyrkir

Markmið verkefnastyrkja er efling rannsókna í heilbrigðisvísindum á Landspítala með úthlutun styrkja til metnaðarfullra verkefna sem stýrt er af fastráðnu vísindafólki starfandi innan Landspítala. Árið 2025 var úthlutað styrkjum til 66 almennra vísindaverkefna, að auki var 4 Hvatningarstyrkjum úthlutað, samtals að upphæð rúmlega 122 milljónir króna. Meðalupphæð styrkja til almennra vísindaverkefna var rúmlega 1,5 milljónir króna. Styrkirir voru afhentir af formanni Vísindaráðs á Vísindum á vordögum þann 30. apríl.

### Hvatningastyrkir

Á uppskeruhátíðinni Vísindi á vordögum voru afhentir úr Vísindasjóði Landspítala fjórir Hvatningarstyrkir. Nam hver styrkur að upphæð 5 milljónir króna. Styrkina hlutu Hans Tómas Björnsson, Magnús Gottfredsson, Siggeir Fannar Brynjólfsson og Sigríður Gunnarsdóttir.



Frá vinstri: Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítala, Magnús Gottfredsson, Siggeir Fannar Brynjólfsson, Sigríður Gunnarsdóttir, Kjin Jang (tók við styrk fyrir hönd Hans Tómasar Björnssonar), Karl Andersen, formaður Vísindaráðs Landspítala.

## Helstu verkefni Vísindaráðs 2025

Vísindaráð Landspítala er forstjóra til ráðgjafar um vísindastefnu og vísindatengd málefni á spítalanum. Vísindaráð hefur haft umsjón með úthlutun styrkja úr Vísindasjóði Landspítala, þar með talið yfirferð og endanlegt mat á öllum styrkumsóknum sem berast sjóðnum, á það bæði við um styrki til ungra vísindamanna sem afhentir eru í desember hvert ár og vorstyrkina sem afhentir eru á Vísindum á vordögum. Umsýsla styrkumsókna og úthlutun styrkja hefur verið eitt umfangsmesta verkefni Vísindaráðs undanfarin ár. Árlega velur ráðið heiðursvísindamann Landspítala og ungan vísindamann Landspítala úr tilnefningum. Vísindaráð hafði að venju veg og vanda af skipulagi og umsjón með árlegri uppskeruhátíð vísinda á Landspítatala, Vísindum á vordögum sem fram fór 30.apríl. Vísindaráð lagði mat á öll innsend ágríp sem sýnd voru á hátíðinni en þau voru einnig birt í fylgiriti Læknablaðsins. Starfsmaður Vísindaráðs sér um móttöku og afgreiðslu umsókna til Birtingasjóðs Landspítala fyrir hönd stjórnar sjóðsins.

Vísindaráð vann á árinu að breyttu styrkjafyrirkomulagi með aðkomu Rannís og útgáfu Handbókar Vísindasjóðs Landspítala. Í samstarfi við Háskóla Íslands (HÍ) var einnig unnið að sameiginlegri vísindaráðstefnu Landspítala og heilbrigðisvísindasviðs HÍ, Vísindi á vordögum í nýjum búningi sem haldin verður á vordögum 2026. Vísindaráð vann einnig markvisst að kynningu á öðrum styrkmöguleikum fyrir Vísindamenn og settu á fót mánaðarlega fundi fyrir vísindamenn og rannsakendur. Fyrsti fundur ráðsins í þeirri fundaröð var með forstöðumönnum fræðasviða í júní. Vísindaráð fundar að öllu jöfnu einu sinni í mánuði eða oftár en það er háð verkefnum hverju sinni. Vísindaráð Landspítala er skipað 10 aðalmönnum og 10 varamönnum til fjögurra ára í senn.

Aðalmenn Vísindaráðs Landspítala 2025: Karl Andersen, prófessor í hjartalæknisfræði, hjartadeild Landspítala, Sigríður Zoëga, sérfræðingur í hjúkrun og dósent við Háskóla Íslands. Guðrún Kristjánsdóttir, forstöðumaður fræðasviðs á kvenna- og barnasviði LSH og prófessor við Háskóla Íslands. Ingibjörg Gunnarsdóttir, deildarstjóri og prófessor við Háskóla Íslands. Jóna Freysdóttir, náttúrufræðingur og prófessor við Háskóla Íslands. Marianne Elisabeth Klinke, forstöðumaður fræðasviðs og prófessor við Háskóla Íslands, Davíð Ottó Arnar, yfirlæknir og prófessor við Háskóla Íslands. Sigurdís Haraldsdóttir, yfirlæknir og dósent við Háskóla Íslands, Viðar Örn Eðvarðsson, yfirlæknir og prófessor, Ólafur Skúli Indriðason, sérfræðilæknir. Starfsmaður Vísindaráðs: Sigríður Bergþórsdóttir, náttúrufræðingur.



Björn Guðbjörnsson, heiðursvísindamaður Landspítala 2025.

## Heiðursvísindamaður Landspítala 2025

Björn Guðbjörnsson sérfræðilæknir á gigtarrannsóknarstofu og prófessor í gigtarrannsóknum við Háskóla Íslands var tilnefndur sem Heiðursvísindamaður Landspítala 2025.

Björn útskrifaðist frá læknadeild HÍ 1981 og hélt síðan til framhaldsnáms í lyf- og gigtlækningum til Stokkhólms og síðan Uppsala á árunum 1985-1995 en hann varði doktorsritgerð sína um heilkenni Sjögren's við Uppsalaháskóla vorið 1994.

Björn var um tíma forstöðulæknir lyflækningadeilda Sjúkrahúss Akureyrar en hóf síðan störf við Rannsóknarstofuna í gigtarsjúkdómum hér á LSH, jafnframt því sem hann sinnti klínískum störfum við gigtlækningadeild spítalans. Hann er prófessor emeritus í gigtarrannsóknum við Læknadeild HÍ.

Björn á heiðurinn af því að Icebio kerfið var sett á laggirnar en það aðstoðar gigtlækna við kerfisbundið eftirlit og reiknar út staðlaða sjúkdómsvirki sem gerir gigtlæknum kleift að meðhöndla sjúklinga á markvissan hátt. ICEBIO er einnig mikilvægt tæki til öryggis- og gæðaeftirlits á notkun líftæknilyfja hér á landi. Þá hefur gagnasafnið nýst til viðamikilla rannsókna á síðustu árum og hefur ICEBIO opnað fjölmörg tækifæri á alþjóðlegu samstarfi íslenskra gigtarlækna. NordData verkefnið er dæmi um slíkt samstarf en verkefnið var styrkt af NordForsk. Í NordData unnu öll fimm Norðurlöndin að því að tengja saman sambærileg gagnasöfn við aðrar heilsufarsskrár, s.s. krabbameinsskrár, lyfjagagnagrunn og fæðingaskrá, til 13.02.2025

Björn hefur einnig leitt samstarf Norðurlandanna í rannsóknum á afmyndandi sóragigt þ.e. "The Nordic PAM Study" en þar var einnig samstarf milli tveggja ólíkra sérgreina þ.e. húðlækna og gigtarlækna.

## Verðlaunaágrip á vordögum

Fjögur ágrip/veggspjöld vísindaverkefna voru verðlaunuð sérstaklega á uppskeruhátíð vísindastarfs á Landspítala, Vísindi á vordögum, í Hringstal 30. apríl.

Höfundar verðlaunaágrípanna eru, Auður Anna Aradóttir Pind, Jenny Molina, Kevin Ostacolo, Sæmundur Rögnvaldsson.

Verðlaunin eru styrkur í formi endurgreiðslu á kostnaði vegna kynningar/ferða á verkefnum sínum, allt að 150.000 krónur. Jóna Freysdóttir meðlimur Vísindaráðs kynnti verðlaunahafana og kynntu þeir sín verkefni með rafrænni kynningu á sal. Verðlaunaveggspjöldin voru valin úr 55 innsendum veggspjöldum á hátíðinni.

### Veggspjöld verðlaunahafanna:

**Auður Anna Aradóttir Pind** - Kítósan afleiður auka mótefnasvar eftir bólusetningu gegn pneumókokkum í nýburamúsum

**Jenny Molina** - Dose sparing effects of novel adjuvants and alum on two different vaccines in a neonatal mouse model



Freyja Jónsdóttir, ungur vísindamaður Landspítala 2025.

## Ungur vísindamaður Landspítala 2025

Freyja Jónsdóttir klínískur lyfjafraeðingur á Landspítala og lektor við Lyfjafraeðideild Háskóla Íslands var tilnefnd sem Ungur vísindamaður Landspítala 2025

Freyja lauk lyfjafraeðinami við Háskóla Íslands árið 2006 og framhaldsnami í klínískri lyfjafraeði við University College London árið 2012. Síðastliðið haust lauk hún doktorsnami undir handleiðslu Martins Inga Sigurðssonar, prófessors við Læknadeild Háskóla Íslands og yfirlæknis í svæfinga- og gjörgæslulækningum, og Önnu Bryndísar Blöndal, lyfjafraeðings og dósents við Lyfjafraeðideild.

Á undanföllum áratug hefur Freyja leitt uppbyggingu sérnáms í klínískri lyfjafraeði, samstarfsverkefni Landspítala og Háskóla Íslands, sem einnig nýtur samstarfs við University College London og Royal Pharmaceutical Society. Uppbygging sérnámsins hefur gjörbreytt þjónustu klínískra lyfjafraeðinga á Íslandi.

Freyja hefur auk kennslu stundað rannsóknir á sviði sem tengir lyfjafraeði og læknisfraeði. Hún hefur leitt fjölmargar þverfaglegar rannsóknir í samstarfi við stóran hóp lyfjafraeðinga og lækna úr ólíkum sérgreinum, bæði innanlands og erlendis.

Sérstaklega hefur Freyja átt farsælt samstarf við Martin Inga Sigurðsson. Saman hafa þau leiðbeint fjölda meistaranema í lyfjafraeði og BS nema í læknisfraeði. Þau hafa jafnframt byggt upp umfangsmikinn rannsóknargagnagrunn um lyflæknissjúklinga sem lögðust inn á Landspítala á árunum 2010–2020. Þessi gagnagrunnur er mikilvægur rannsóknarvettvangur til framtíðar og hefur þegar nýst í MSc- og BSc-verkefnum, þremur doktorsverkefnum og nýsköpunarverkefni.

Freyja lauk doktorsnami í nóvember síðastliðnum undir handleiðslu Martins Inga. Doktorsverkefnið byggði á þremur birtum greinum og einu handriti, og fjallaði um fjölyfjameðferð, lyfjatengdan skaða og víðeigandi lyfjameðferð hjá öldruðum sjúklingum.



Frá vinstri: Karl Andersen, formaður Vísindaráðs Landspítala, Sæmundur Rögnvaldsson, Kevin Ostacolo, Jenny Molina, Auður Anna Aradóttir Pind og Jóna Freysdóttir.

**Kevin Ostacolo** - Ribosome and Splicing-Based Regulation of the Mild Hypothermia Response

**Sæmundur Rögnvaldsson** - Fyrr greining góðkynja einstofna mótefnahækkun og aðdragandi mergæxlisgreiningar: Slembröðuð rannsókn



Frá vinstri: Freyja Jónsdóttir, fyrir hönd Helgu Rutar Steinsdóttir, Scott Gribbon, Ragna Kristín Guðbrandsdóttir, Anna Guðlaug Gunnarsdóttir, Valgeir Steinn Runólfsson og Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítala, á myndina vantar Ingu Jónu Ingimarsdóttur.

## Styrkir til ungra vísindamanna 2025

Vísindasjóður Landspítala styrkti 6 unga vísindamenn á Landspítala til klínískra rannsókna. Styrkirnir voru afhentir við hátíðlega athöfn á Hringstal þann 10. desember. Styrkirnir námu 1,5 og 3 milljónum króna hver.

### Styrkhafar:

**Scott Gribbon** hlaut eina og hálfá milljón í styrk til eins árs fyrir verkefnið „Algengi og greiningarskráning Charcot-fótar hjá sykursjúkum einstaklingum á Íslandi“.

**Helga Rut Steinsdóttir** hlaut þriggja milljóna styrk til tveggja ára fyrir verkefnið „Þróun alþjóðlegra klínískra leiðbeininga með Delfi aðferð um áhrif lyfja á þróun óráðs meðal skurðsjúklinga“.

**Anna Guðlaug Gunnarsdóttir** hlaut þriggja milljóna styrk til tveggja ára fyrir verkefnið „Blóðsýkingar með Staphylococcus Aureus á Íslandi 1995-2025“.

**Ragna Kristín Guðbrandsdóttir** hlaut þriggja milljóna styrk til tveggja ára fyrir verkefnið „Fjölyfjanotkun hjá einstaklingum á ADHD lyfjum á Íslandi“.

**Valgeir Steinn Runólfsson** hlaut þriggja milljóna styrk til tveggja ára fyrir verkefnið „Tengsl krabbameina í börnum við örveruflórana, sýkingar og frávik í starfsemi ónæmiskerfisins“.

**Inga Jóna Ingimarsdóttir** hlaut þriggja milljóna styrk til tveggja ára fyrir verkefnið „Áhrif COVID-19 bólusetningar á hjartastarfsemi með áherslu á hjartavöðvabólgu, gollurshúsbólgu og hjartsláttartruflanir“.

## Birtingarsjóður

Birtingarsjóður Landspítala úthlutaði rúmlega 4 milljónum króna á árinu 2025 og voru 37 umsóknir sem fengu afgreiddan styrk úr sjóðnum, þar af um 65% vegna birtinga í tímaritum í flokki A; tímarit í yfir 75% flokk áhrifastuðuls (Q1).

## Merking greina

Vísindavirkni Landspítala verður sýnilegri með rétttri merkingu og skráningu greina og auðveldar leit í gagnagrunnum. Landspítali University Hospital er heiti spítalans á ensku og þannig ber að merkja vísindagreinar. Stundum merkja höfundar greinar sínar einungis Háskóla Íslands eða jafnvel hvorugri stofnuninni. Þar sem það á við á að merkja greinar sínar báðum stofnunum, t.d. Faculty of Medicine, University of Iceland, Reykjavik, Iceland and Landspítali University Hospital.

## Verðlaunasjóður Þórðar Harðarsonar og Árna Kristinssonar

Sjóðurinn var stofnaður fyrir tæpum 40 árum af Árna Kristinssyni og Þórði Harðarsyni, sem báðir voru lengi yfirlæknar á Landspítala og prófessorar við Háskóla Íslands. Var þetta í tólfra sinn sem veitt voru verðlaun úr sjóðnum sem voru afhent á uppskeruhátíð vísinda, Vísindi á vordögum, 30. apríl 2025.



Martin Ingi Sigurðsson og Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítala.

Verðlaunin námu sjö milljónum króna en um er að ræða ein stærstu verðlaun sem veitt eru íslenskum vísindamönnum sem að þessu sinni voru afhent Martini Inga Sigurðssyni, prófessor og yfirlækni í svæfinga- og gjörgæslulækningum.



Slagteymi Landspítala og Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítala.

## Verðlaunasjóður Gísla Einarssonar og Sigurlaugar Sveinbjörnsdóttur

Vísindasjóður Gísla Einarssonar fyrrum yfirlæknis og framkvæmdastjóra kennslu, vísinda og þróunar á Landspítala og Sigurlaugar Sveinbjörnsdóttur taugalæknis veitti slagteymi Landspítala styrk upp á níu milljónir.

Í sjóðinn höfðu safnast þær greiðslur sem Gísli og Sigurlaug fengu fyrir rannsóknir sínar á heilablóðfalli á árunum 1995-2000. Að sögn Gísla hafði sjóðurinn legið óhreyfður um nokkurra ára skeið en nú ákváðu þau að veita slagteymi Landspítala þennan styrk en teymið veitir þeim sem fá heilablóðfall bráða meðferð. Runólfur Pálsson forstjóri Landspítala afhenti styrkinn á uppskeruhátíð vísinda, Vísindi á vordögum, 30. apríl 2025.

## Opinn aðgangur

Starfsmenn eru eindregið hvattir til að birta greinar sínar í opnum aðgangi. Það eykur mjög lestur greinanna og tilvísanir í þær. Einnig flytjst það útbreiðslu þekkingarinnar og vísindavirkni Landspítala verður sýnilegri.

## Framgangur við Háskóla Íslands

Á árinu 2025 fengu 6 starfsmenn Landspítala framgang innan Heilbrigðisvísindasviðs HÍ:

Brynja Ingadóttir, sérfræðingur í hjúkrun, prófessor við Hjúkrunar- og ljósmóðurfraeðideild

Freyja Jónsdóttir, lyfjafræðingur, dósent við Lyfjafræðideild

Geir Tryggvason, sérfræðilæknir, dósent við Læknadeild

Lena Rós Ásmundsdóttir, sérfræðilæknir, dósent við Læknadeild

Sigurdís Haraldsdóttir, yfirlæknir, prófessor við Læknadeild

Valgerður Lísa Sigurðardóttir, sérfræðilljósmóðir, dósent við Hjúkrunar- og ljósmóðurfraeðideild

## Klínískt rannsóknasetur Landspítala og Háskóla Íslands (KRS)

Á Landspítala er starfrækt Klínískt rannsóknasetur Landspítala og Háskóla Íslands (KRS). KRS var sett á laggirnar árið 2010 og er samstarf milli Landspítala og HÍ. Markmið þess er að styðja og efla klínískar rannsóknir, auka samstarf stofnananna á því sviði og styrkja innvið sem snúa að klínískum rannsóknum. KRS er hýst innan vísindadeildar Landspítala.

Helsta starfsemi setursins felst í ráðgjöf og aðstoð við rannsakendur ásamt því að vera tengiliður við utanaðkomandi aðila sem óska eftir rannsóknasamstarfi við Landspítala.

Helstu verkefni á árinu voru sem fyrr aðstoð og ráðgjöf til rannsakenda, samskipti við samstarfsaðila og aðkoma að samningum utan- og innanhúss. Að auki hefur KRS aðstoðað rannsakendur við skráningu rannsókna í opinn gagnagrunn, aðallega clinicaltrials.gov. Rannsakendur úr ýmsum heilbrigðisstéttum hafa fengið tölfraeðiráðgjöf á árinu, auk ráðgjafar um gagnamál.

KRS hefur sem fyrr haldið námskeið í Good Clinical Practice (GCP) fyrir nemendur og starfsfólk Háskólans og Landspítala. Verkefnastjóri KRS situr í Vísindarannsóknarnefnd Landspítala og í stjórn Nordisk Monitoring Network (NORM).

Stjórnarmenn KRS eru Örvar Gunnarsson, fulltrúi vísindaráðs Landspítala, Guðrún Kristjánsdóttir, fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands, Ása Vala Þórisdóttir, rannsóknastjóri, heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands. Formaður stjórnar er Magnús Gottfreðsson, forstöðumaður vísinda á Landspítala. Verkefnastjóri setursins er Halla Sigrún Arnardóttir.

[Heimasíða KRS](#)

[Ársskýrsla KRS](#)

## Heilbrigðisvísindabókasafn Landspítala og Háskóla Íslands

Heilbrigðisvísindabókasafn Landspítala og Háskóla Íslands er rekið sameiginlega af spítalanum og Heilbrigðisvísindasviði HÍ í samræmi við samning stofnananna. Yfir safninu er þriggja manna stjórn.

Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ er fagbókasafn á heilbrigðisviði sem þjónar heilbrigðisstarfsfólki innan LSH og kennurum og nemendum í heilbrigðisvísindum innan Háskóla Íslands. Hlutverk þess er að veita aðgang að þeim vísindalegu og klínísku upplýsingum og þekkingu sem þessir aðilar þurfa í námi, klínísku starfi og rannsóknum. Á safninu starfa 3 upplýsingafræðingar og einn bókmenntafræðingur.

### Verkefni

Innan bókasafnsins er sinnt marvíslegum verkefnum. Þar má nefna aðstoð við heimildaleitir, millisafnalán og greinaþjónustu, skráningu safnkosts og almennar leiðbeiningar varðandi notkun safngagna, heimildaskráningu og upplýsingaöflun. Þá má nefna gerð samninga við erlenda útgefendur og birgja um aðgang að rafrænum tímaritum, gagnasöfnum og upplýsingaveitum. Safnið hefur með höndum aðgangsstýringu að og framsetningu gagna á vef svo notendur hafi aðgang á sem skilvirkastan máta. Þá sinnir starfsfólk safnsins formlegri kennslu og leiðsögn starfsfólks LSH og nemenda og kennara HÍ varðandi upplýsingaöflun og meðferð heimilda og gerir heimildaleitir samkvæmt beiðni. Einnig tekur starfsfólk safnsins þátt í gerð vísindaskýrslu Landspítala.

### Safnkostur

Meginhluti safnkosts bókasafnsins er rafræn tímarit sem spanna þau svið heilbrigðisvísinda sem stunduð eru, kennd og rannsökuð innan Landspítala og Heilbrigðisvísindasviðs HÍ. Fjöldi erlendra tímarita í sérskrift bókasafnsins skiptir hundruðum. Til viðbótar við sérskriftir er safnið með mikinn fjölda tímarita í áskrift í gegnum samstarfið í Landsaðgangi.

Þess má geta að árið 2025 voru sóttar um 170.000 tímaritsgreinar úr áskriftartímaritum safnsins. Auk tímarita semur safnið um aðgang að ýmsum sérhæfðum gagnasöfnum og rafrænum bókum

Aðgangur að safnkostinum er á [vef Heilbrigðisvísindabókasafnsins](#)

### Samstarf

Hér verða talin upp helstu samstarfsverkefni safnsins.

#### IRIS. Rannsóknir á Íslandi (Pure)

Tilgangur kerfisins er að halda utan um rannsóknavirkni og afurðir vísindastarfs á Íslandi og er Landspítali þátttakandi í því samstarfi. Heilbrigðisvísindabókasafnið sér um skráningu útgefna afurða vísindastarfs innan Landspítala. Á árinu hélt áfram undirbúningur að breyttri uppsetningu kerfisins sem felur í sér aukid sjálfstæði einstakra þátttökustofnana í umsjá sinni gagna. Í árslok 2025 voru 7422 skráningar í heild og þar af 6020 greinar skráðar í IRISi. Þessar tölur eru lægri en var í eldri uppsetningu kerfisins og skýrast líklega að mestu af því að inni í kerfinu voru áður færslur sem ekki voru tengdar starfsfólki heldur einungis spítalanum sjálfum.

[Hér má finna skráða rannsóknarvirkni starfsfólks Landspítala:](#)

#### Landsaðgangur að rafrænum gögnum

Heilbrigðisvísindabókasafnið hefur tekið virkan þátt í því mikilvæga samstarfsverkefni frá því það hóf göngu sína um síðustu aldamót. Stjórnandi safnsins hefur setið í stjórnarnefnd verkefnisins frá því það hóf göngu sína.

#### Samstarf stjórnenda háskólabókasafna

Safnið tekur þátt í samstarfi stjórnenda háskólabókasafna á Íslandi sem taka ýmis sameiginleg hagsmunamál háskólabókasafna til umræðu, s.s. stefnumótun um opinn aðgang, IRISi upplýsingakerfi um rannsóknir, bókasafnakerfi, upplýsingalæsi o.s.frv. Undir regnhlíf þessa samstarfs tók starfsfólk safnsins þátt í ýmsu samstarfi.

#### Landskerfi bókasafna

Á Íslandi er eitt sameiginlegt bókasafnskerfi þar sem safnkostur, rafrænn og prentaður, er skráður. Starfsfólk safnsins heldur áfram að sinna samstarfi í ýmsum vinnuhópum sem því tengjast.

#### Samstarf við Landsbókasafn – Háskólabókasafn

Reglulegt samstarf og samtal við Landsbókasafn-Háskólabókasafn með hliðsjón af þeim samningi sem í gildi er um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns LSH og HÍ.

#### Samstarf við Sjúkrahúsið á Akureyri

Árið 2023 hófst samtal við SAK, að frumkvæði ráðuneytis heilbrigðismála, um möguleika þess að sjúkrahúsið gæti gengið inn í samninga Heilbrigðisvísindabókasafnsins við erlenda útgefendur rafræns efnis og starfsfólk þess þannig fengið umtalsvert betri aðgang að tímaritum. Samstarf við SAK um áskriftir að rafrænum tímaritum hófst árið 2024 og gerði Heilbrigðisvísindabókasafnið samninga fyrir hönd SAK um áskriftir hjá tveimur útgefendum, Elsevier og Wiley á árinu 2025. Starfsfólk SAK hefur því aðgang að séráskriftum LSH hjá þessum útgefendum.

Þess má geta að Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ er eina bókasafn sinnar tegundar á Íslandi.

#### Samstarf um áskrift að UpToDate

Á árinu fóru fram umfangsmiklar samningaviðræður við útgefandann Wolters Kluwer um gerð eins heildarsamnings um aðgang íslenskra heilbrigðisstofnana að UpToDate. Hagstæðir samningar náðust og er umsýsla samningsins hjá Heilbrigðisvísindabókasafni.

#### Starfsfólk

Anna Sigríður Guðnadóttir verkefnastjóri, Halldór Marteinsonn, Inga Ágústsdóttir og Sigurbjörn Svanbergsson

[Ársskýrslur Heilbrigðisvísindabókasafns eru aðgengilegar hér.](#)



Paolo Gargiulo er stofnandi Heilbrigðistækniseturs. Hann var sæmdur riddarakrossi (Cavaliere) af Orðu Stjörnu Ítalíu árið 2025 fyrir vísindastörf og alþjóðlegt samstarf.

## Heilbrigðistæknisetur

Heilbrigðistæknisetur (HTS) er sameiginleg rannsóknarstofa Landspítala og Háskólans í Reykjavík í stoðkerfis- og taugaverkfræði (e. Institute of Biomedical and Neural Engineering). HTS er frumkvöðull í þrívíddarþrentun og leiðandi á því sviði innan heilbrigðisþjónustunnar, með sérstakri áherslu á þróun líffæralikana til skipulagningar skurðaðgerða. Þjónusta setursins hefur þegar stutt við yfir 400 skurðaðgerðir og haft veruleg áhrif á þróun heilbrigðisþjónustu á Íslandi.

Þessi líkön bjóða upp á lausnir á fjölbreyttum og flóknum klínískum áskorunum. Með notkun sýndarveruleika (SV) og aukins veruleika (AV) geta heilbrigðisstarfsmenn nýtt hermun til kennslu, þjálfunar og undirbúnings aðgerða. Í samstarfi við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Háskólann í Reykjavík og Landspítala vinnur HTS að þróun gagnagrunns fyrir hermunaraðstöðu sem byggir á samþættingu þrívíddarþrentunar og SV/AV tækni. Markmiðið er að tryggja aðgang að slíkrri aðstöðu í gegnum hefðbundin samskiptatæki til notkunar í kennslu, rannsóknum og klínisku starfi, hvort sem er í skólastofu, aðgerðarsal eða fundaraðstöðu.

Vísindastarfsemi HTS skiptist á milli þriggja kjarnalaboratoría: heilaritsstofu með háþéttni fjölrása greiningu (t.d. 256 rása EEG), stöðuleikastjórnarstofu og þrívíddarþrentunar- og framleiðslustofu. Setrið nýtir jafnframt sýndarveruleikakerfi og þróaðar mæliaðferðir til rannsókna á taugasjúkdómum og hreyfistjórnun.

HTS er í viðtæku samstarfi við innlendir og erlendar rannsóknar- og heilbrigðisstofnanir. Meðal verkefna eru rannsóknir á sjónúrvinnslu heilans í tengslum við augnþurrk, samstarf við taugalækna Landspítala um greiningu á breytingum í tauganetum hjá Parkinson-sjúklingum, rannsóknir á stöðuleikastjórnun hjá einstaklingum með fíknivanda í samstarfi við SÁÁ/Vog, og þróun sérsniðinna þrívíddarmódelar til greiningar og meðferðar flókinna sjúkdóma sem og til mats á beinstyrk og vali á gerviliðum.

HTS gegnir lykilhlutverki í menntun og þjálfun í heilbrigðisverkfræði á Íslandi og hefur styrkt stöðu sína á alþjóðavettvangi. Á árinu 2025 starfaði fjöldi alþjóðlegra og íslenskra nemenda við setrið í tengslum við starfsnám, meistara- og doktorsnám auk nýdoktorarannsókna. Rannsóknarafrakstur setursins hefur vaxið jafnt og þétt, með yfir 120 vísindagreinum, bókaköflum og ráðstefnukynningum á alþjóðavettvangi.

Stjórnandi setursins er Paolo Gargiulo, prófessor við Háskólann í Reykjavík og stofnandi setursins. Hann hefur hlotið alþjóðlega viðurkenningu fyrir framlag sitt til vísinda og nýsköpunar, þar á meðal að vera sæmdur riddarakrossi (Cavaliere) af Orðu Stjörnu Ítalíu árið 2025 fyrir vísindastörf og alþjóðlegt samstarf. Aðrir lykilstarfsmenn eru Þórður Helgason, dósent við HR, Federica K Ciliberti fræðikona við LSH and HR og Halldór Jónsson jr., bæklunarskurðlæknir og prófessor emeritus við HÍ og HR.

## Klínískar rannsóknastofur á Landspítala

### Rannsóknastofa í næringarfræði (RÍN)

Tengiliðir RÍN við Landspítala eru Ingibjörg Gunnarsdóttir og Áróra Rós Ingadóttir.

Rannsóknastofa í næringarfræði (RÍN) var stofnuð 1997 með samningi milli Háskóla Íslands og Landspítala. Markmið starfseminnar er að efla rannsóknir og nýsköpun á sviði næringarfræði í samstarfi við innlenda og erlenda aðila, í háskólum, stofnunum og fyrirtækjum ásamt því að taka virkan þátt í samtali við samfélagið. RÍN tekur einnig að sér þjónusturannsóknir og ýmis verkefni sem tengjast næringu og heilsu bæði fyrir opinbera aðila sem og einkaaðila.

### Rannsóknastofa í gigtarsjúkdómum (RG)

Forstöðumaður: Dr. Katrín Þórarinsdóttir.

Að stofnun RG árið 1996 komu Læknadeild HÍ, Vísindaráð Gigtarfélags Íslands og Lions hreyfingin á Íslandi, auk gigtlækningadeildar LSH og verður því RG 30 ára 2026. Markmið með stofnun RG var að efla þekkingu og vísindastarf á gigtarsjúkdómum hér á landi, auk þess að styðja við alþjóðlegt rannsóknarsamstarf á sviði gigtarsjúkdóma. Fjölmargir háskólanemar hafa stundað rannsóknarnám sitt í samvinnu við RG. Upphaflega beindust verkefni RG að grunnrannsóknum með áherslu á erfðafræði, ónæmisfræði og ýmsa þætti í bólguferli gigtarsjúkdóma en á síðari árum hefur verið lögð áhersla á kerfisbundna söfnun meðferðaupplýsinga um notkun líftæknilyfja við liðbólgsjúkdómum hér á landi með því að reka öflugan gagnagrunn – ICEBIO, sem hefur opnað áhugaverða samstarfsmöguleika við erlendar rannsóknastofnanir. Þá er markmiðið að stofna lífsýnasafn tengt ICEBIO-meðferðarskránni. Fjölbreytt rannsóknarstarfsemi fer fram undir merkjum RG, þar má nefna faraldsfræði, klínískar rannsóknir og meðferðarannsóknir þar sem stuðst er við upplýsingar úr ICEBIO gagnasafninu. Frekari upplýsingar um rannsóknarstarf í gigtarsjúkdómum má sjá í yfirliti yfir vísindarannsóknir í gigtarlækningum.

### Rannsóknastofa í fæðinga-, kvenna, og barna- og fjölskyldufræðum við Landspítala og Háskóla Íslands (RKB)

Tengiliðir:

Helga Gottfreðsdóttir, formaður stjórnar Rannsóknastofu í fæðinga-, kvenna, og barna- og fjölskyldufræðum

Jóhanna Gunnarsdóttir, formaður deildarráðs Rannsóknasjóðs í fæðinga-, kvenna, og barna- og fjölskyldufræðum

Rannsóknastofa RKB hefur verið starfrækt í fimm ár en hún var stofnuð 2021 með undirritun samnings milli forsvarsmanna og æðstu stjórnenda kvenna- og barnaþjónustu Landspítala og Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands. Í stjórn sitja aðilar frá báðum stofnunum og hlutverk stofunnar er m.a. að vera miðstöð rannsókna, styrkja rannsóknir og skapa samfélag fyrir rannsakendur í fæðinga-, kvenna-, barna- og fjölskyldufræðum. Stefnt er að því að auka sýnileika Rannsóknarstofunnar á næstu árum. Deildarráð Rannsóknasjóðs í fæðinga-, kvenna-, barna- og fjölskyldufræðum, sem tilheyrir Landspítalaskýli Íslands, hefur samráð við stjórn Rannsóknarstofu RKB um upphæð til úthlutunar árlega í samræmi við stöðu sjóðsins. Deildarráðið metur umsóknir og gerir tillögu um úthlutun sem send er til stjórnar Landspítalaskýli Íslands til samþykkis.

[Heimasíða á ytri vef Landspítala hefur verið opin frá júní 2023:](#)

### Rannsóknastofa í hjarta-, og æðasjúkdómum við Landspítala og Háskóla Íslands (RHÆ)

Forstöðumaður: Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir.

RHÆ var sett á laggimar 2010 með stofnskrá sem undirrituð var af forstjóra og forseta heilbrigðisvísindasviðs. Á RHÆ fer fram viðtækt rannsóknar- og fræðslustarf í hjarta- og æðasjúkdómum. Áhersla er á þverfaglega nálgun og viðtækt samstarf heilbrigðisstétta. Meðal verkefna eru leiðsögn og þjálfun nema í doktors- meistara og bakkalársnámi, umsjón gæðaskrár SWEDEHEART gagnagrunnsins í samstarfi við Uppsala Clinical Research Center (UCR), samstarf við innlendar vísindastofnanir svo sem Íslenska Erfðagreiningu og Hjartavernd, framkvæmd klínískra lyfjarannsókna í samstarfi við innlend og alþjóðleg lyfjafyrirtæki, Sidekick verkefnið um rafrænt eftirlit og meðferð sjúklinga á göngudeildum hjartadeildar, EUROASPIRE VI rannsóknin sem er samevrópsk rannsókn á greiningu og meðferð áhættuþátta kransæðasjúklinga, hjartabilunarskrá og fjölbreytt rannsóknarverkefni allra



heilbrigðisstétta sem koma að rannsóknum í hjarta- og æðasjúkdómum á Landspítalanum. Einnig hefur farið fram gagnúrvinnsla og annarskonar vinnuframlag við nýstofnað Euroheart rannsóknarsamstarf sem hingað til hefur verið á sviði kransæðasjúkdóms en á árinu 2026 mun TAVI bæstast við og mögulega hjartabilun á næstu árum. Á árinu var framhald á 10 ára þátttöku í Notion 2 rannsókninni sem er samanburður á TAVI og opinni aðgerð við ósæðarlokubrenslum.

Á RHÆ starfa reyndir GCP þjálfaðir hjúkrunarfræðingar í verkefnabundnum hlutastöðum. Þrjár lyfjarannsóknir voru í gangi í árslok 2025 á vegum RHÆ og ein inngripsrannsókn til viðbótar.

### Rannsóknastofa Landspítala og HÍ í bráðafæðum

Tengiliður: Hjalti Már Björnsson Rannsóknastofan var sett á laggimar árið 2010 og fer þar fram ýmis starfsemi. Nánari upplýsingar um rannsóknir á vegum rannsóknastofunnar má sjá undir bráðalækisfræði og bráðahjúkrun.

### Miðstöð í öldunarfræðum

Tengiliður á Landspítala: Anna Björg Jónsdóttir

Miðstöð í öldunarfræðum (MiÖ), var stofnuð sumarið 2024. Miðstöðin er staðsett undir Heilbrigðisvísindastofnun Háskóla Íslands en starfrækt í samvinnu við Landspítala. Hún sinnir marghátuðum rannsóknum og greiningu í tengslum við stöðu eldra fólks í samfélaginu með aðkomu fjölbreytts hóps fag- og fræðimanna.

Rekstur miðstöðvarinnar byggir á fjárhagslegum stuðningi tveggja ráðuneyta, heilbrigðisráðuneytis og félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, auk rannsóknarstyrkja og tekna af þjónusturannsóknum og sérverkefnum. Á meðal verkefna miðstöðvarinnar er framgangs- og árangursmat þróunarverkefna á vegum „Gott að eldast“.

Í stjórn Miðstöðvar í öldunarfræðum sitja: Ingibjörg Hjaltadóttir, prófessor við Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild, formaður, Anna Björg Jónsdóttir, yfirlæknir öldrunarlækninga og Halldór S. Guðmundsson, dósent og varaforseti félagsráðgjafardeildar. Varamenn í stjórn eru: Bergþóra Baldursdóttir, Sigurveig Sigurðardóttir og Thor Aspelund.

Margrét Guðnadóttir, hjúkrunarfræðingur, er forstöðumaður Miðstöðvar í öldunarfræðum.

[Miðstöð í öldunarfræðum - heimasíða](#)

# Yfirlit yfir vísindastörf á Landspítala 2025

## Augnlæknisfræði

Forstöðumaður fræðasviðs: Gunnar Már Zoéga Yfirlæknir.

### Áherslur í rannsóknum innan fræðasviðsins

Augnsjúkdómur í sykursýki, súrefnisbúskapur sjónhimnu í mönnum. Áhættureiknir í vægri, vitræni skerðingu. Lifeðlisfræði sléttra vöðva í sjónhimnuæðum. Mýs með stökkbreytingum í microphthalmia geni. Hjúveituaðgerðir í gláku – áhrif á augnþrýsting, sjónsvið og lyfjanotknu. Súrefnisbúskapur og rafleifðisfræðileg virkni sjónhimnu í Parkinsons sjúkdómi. Sýkingar í hornhimnum. Fyrirburar og retinopathy of prematurity.

### Styrkir sem fræðasviðið fékk á árinu

#### Vísindasjóður Landspítala

Þór Eysteinnsson. Náttúrufræðingur. Þáttur ensímsins kolanhydrasa í stjórn samdráttarkrafts æðaveggs og þvermáls slagæða sjónhimnu.

#### Rannsóknasjóður Háskóla Íslands

Verkan nýrra kolanhydrasa hamlara á togkraft slagæðaveggs. Þór Eysteinnsson.

#### Styrktarsjóður Richards P. Theodórs og Dóru Sigurjónsdóttur

Svipgerð augans í erfðabreyttum músum með stökkbreytingar í Mitf geni, og aldursháðar breytingar í þeim. Þór Eysteinnsson.

### Meistaraneimar:

Freyja Húnfjörð Jósepsdóttir. Greiningar á lífmerkjum í sjónhimnu fólks með Parkinsonsveiki og væga, vitræna skerðingu. Umsjónarkennar: Ólöf Birna Ólafsdóttir. Meistaraneind: Þórunn Scheving Elíasdóttir og Marianne Klinke.

### Helstu samstarfsaðilar í rannsóknum

#### Samstarfsaðilar innan Landspítala

Óldrunarlæknisfræði. Sýkla- og veirufræðideild.

#### Íslenskir samstarfsaðilar utan Landspítala

Háskóli Íslands. Íslensk erfðagreining. Hjartavernd.

#### Erlendir samstarfsaðilar

Svíþjóð: Uppsala Universitet. Umeå Universitet.

**Danmörk:** Syddansk Universitet í Óðinsvéum og Aarhus Universitet í Árósum.

**Holland:** Leiden University í Haag.

**Finnland:** Háskólinn í Austur Finnlandi í Kuopio.

## Viðurkenningar sem starfsfólk fræðasviðsins /fræðigreinarinnar fékk á árinu 2025

Jóhann Ragnar Guðmundsson er member í American Academy of Ophthalmology.

Jóhann Ragnar Guðmundsson er member í European board of Ophthalmology.

Birna Guðmundsdóttir er Candidate member í ESOPRS.

Dýrleif Pétursdóttir er forseti NPOG, Nordic Pediatric Ophthalmology Group. Hún var forseti NPOG-NSA2024 þingsins sem var haldið 23-25 maí 2024 í Hörpu, Reykjavík (npog-nsa2024.is).

Haraldur Sigurðsson er stjórnarmaður í SOE, European Society of Ophthalmology.

Helgi Davíð Björnsson er forseti NSA, Nordic Strabismological Association.

Sigríður Þórisdóttir er formaður Augnlæknafélags Íslands.

María Soffía Gottfreðsdóttir er full member í American Glaucoma Society (AGS).

María Soffía Gottfreðsdóttir er member of European University Professors of Ophthalmology (EUPO).

### Störf í ritstjórn ritryndra fagrita á árinu 2025

Helgi Davíð Björnsson er í ritstjórn Oftalmolog.

María Soffía Gottfreðsdóttir er stjórnarmaður í ACTA Ophthalmologica.

Birna Guðmundsdóttir er stjórnarmaður í ACTA Ophthalmologica.

Þór Eysteinnsson er aðstoðarritstjóri á tímaritinu Brain Communications (Oxford University Press).

Þór Eysteinnsson er gestarritstjóri Frontiers in Cellular Neurophysiology. Research Topic: Sensory Processing in Vision and Olfaction – Common Features of Key Players. (Eysteinnsson, T., Fadool, D. A., Thoreson, W. B., eds. (2022). Sensory Processing in Vision and Olfaction – Common Features of Key Players. Lausanne: Frontiers Media SA. doi: 10.3389/978-2-88974-634-7).

### Ritverk- vísindagreinar í ritryndum innlendum tímaritum

Eyjólfsdóttir H, Guðmundsson ÞE, Teitsdóttir UD, Petersen PH, Johnsen K, Jóhannsson M, Ólafsdóttir ÓB, Hardarson SH, Stefánsson E, Sturludóttir M, Ívarsson ÍÓ, Jónsdóttir MK, Snædal JG. Væg vitræn skerðing – forstígg heilabilunar eða eðlileg öldrun? Læknablaðið. 2025;111(6):262–268. doi: 10.17992/lbl.2025.06.844

Jonsdóttir S, Hilmarsdóttir I, Alexandersson D, Zoéga GM. Amöbusýkingar í hornhimnu á Íslandi á árunum 1996-2021. Læknablaðið. 2025;111(12):526–531. doi: 10.17992/lbl.2025.12.867

## Barnalæknisfræði

Forstöðumaður fræðasviðs: Ásgeir Haraldsson prófessor.

### Áherslur í rannsóknum innan fræðasviðsins /fræðigreinarinnar

Faraldsfræði sjúkdóma barna, tilurð þeirra og meðferð. Meðal helstu verkefna eru rannsóknir á árangri bólusetninga barna á Íslandi, meinmyndun nýrnaskaða og meðferð sjúklinga með adenín-fosfóribólýsýltransferasaskort, árangur meðferðar krabbameina og þáttur sem hafa áhrif á horfur, möguleg áhrif raskaðrar örveruflóru á tilurð og framgang sjúkdóma, horfur nýbura og fyrirbura o.fl. Auk þess eru stundaðar umfangsmiklar rannsóknir á fæðuþoli og ofnæmi, nýrnasteinasjúkdómi, blóðþrýstingi, offitu barna, smitsjúkdómum og áhrifum ónæmiskerfis, sykursýki barna og iðrasykingum svo eitthvað sé talið.

### Styrkir sem fræðasviðið fékk á árinu 2025.

#### Rannsóknasjóður RANNIS

Valtýr Stefánsson Thors hlaut styrk til þriggja ára fyrir verkefnið: Áhrif sýklalyfjanotkunar snemma á ævinni á örveruflóru og svörun við bólusetningum. Upphæðin er 23 milljónir.

#### Vísindasjóður Landspítala- styrkir til ungra vísindamanna

Valgeir Steinn Runólfsson hlaut þriggja milljóna styrk til tveggja ára fyrir verkefnið „Tengsl krabbameina í börnum við örveruflóruna, sýkingar og frávik í starfsemi ónæmiskerfisins“

#### Vísindasjóður Landspítala

Kolbrún Gunnarsdóttir, sérfræðilæknir. Tímabundið eftirlit með nýburum hjá foreldrum utan Vökudeildar með mælingu á súrefnismettun í fæti.

#### Verkefnastyrkir:

#### Rannsóknarsjóður Rannsóknarstofu kvenna- og barnaþjónustu Landspítala

Viðar Örn Eðvarðsson.

#### Rannsóknasjóður Háskóla Íslands

Áhrif sýklalyfjanotkunar snemma á ævinni á svörun við bólusetningum. Valtýr Stefánsson Thors.

Hámörkun á gæðum lyfjameðferðar sjúklinga með APRT-skort Viðar Örn Eðvarðsson.

## Vísindasjóður félags íslenskra gigtlækna.

Ónæmisfræðilegar orsakir snemmkominnar barnagigtar. Judith Amalía Guðmundsdóttir.

## Rannsóknarsjóður kvenna- og barnaþjónustu.

Helga Elidóttir. Ferðalag með langvinnan sjúkdóm.

Valgeir Steinn Runólfsson fyrir verkefnið „Tengsl krabbameina í börnum við örveruflórana, sýkingar og frávik í starfsemi ónæmiskerfisins“

Viðar Örn Eðvarðsson. Langtíma nyrnaheilsa og blóðþrýstingur íslenskra fyrirbura með lága fæðingarþyngd í samanburði við fullburða jafnaldara með eðlilega fæðingarþyngd.

## Doktorsnemar

Aðalheiður Elin Lárusdóttir. Genetics of fat distribution. Læknadeild, Háskóla Íslands. Leiðbeinandi Hilma Hólm. Umsjónarkennari

**Ragnar Bjarnason.** Aðrir í doktorsnefnd: Guðmundur Þorgeirsson.

Ásdís Hrönn Sigurðardóttir. Tengsl blóðþrýstings í æsku við blóðþrýsting og háþrýsting hjá ungum fullorðnum: 10 ára eftirfylgdarrannsókn.

Læknadeild, Háskóla Íslands. Umsjónarkennari:

**Viðar Örn Eðvarðsson.** Aðrir í doktorsnefnd: Ólafur Skúli Indriðason, Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir, **Sigurður Sverrir Stephensen,** Hilma Hólm.

**Birta Bæringsdóttir.** Útsetning fyrir sýklalyfjum snemma á ævinni og áhrif á heilsufar barna.

Læknadeild, Háskóla Íslands. Aðalleiðbeinandi:

**Valtýr Stefánsson Thors.** Umsjónarkennari: **Ásgeir Haraldsson.** Doktorsnefnd: Kristján Orri Helgason, Birgir Hrafnkelsson, Þóroldur Guðnason.

Hildur Rún Helgudóttir. Adenínfosfóribósýltransfera saskortur: Sameinda- og frumullfræðilegar breytingar í nyrnafrumum eftir meðhöndlun með 2,8-dihýdroxyadeníni (DHA). Læknadeild, Háskóla Íslands. Umsjónarkennari Þórarinn Guðjónsson. Meðleiðbeinandi: **Viðar Örn Eðvarðsson.**

Hrafnhildur Gunnarsdóttir. Primary aldosteronism in Iceland. Læknadeild, Háskóla Íslands. Leiðbeinandi Helga Ágústa Sigurjónsdóttir, umsjónarkennari **Ragnar Bjarnason.** Aðrir í doktorsnefnd: Bjarni Agnarsson, Guðjón Birgisson.

Vigdís Hrönn Viggósdóttir. Late effects of childhood cancer - Survivor's health condition, quality of life and experience. Læknadeild, Háskóla Íslands. Leiðbeinandi **Ragnar Bjarnason,** umsjónarkennari Helga Jónsdóttir, Thor Aspelund.

**Valgeir Steinn Runólfsson.** Tengsl krabbameina í börnum við örveruflórana, sýkingar og frávik í starfsemi ónæmiskerfisins. Læknadeild Háskóla Íslands. Aðalleiðbeinandi: **Valtýr Stefánsson Thors,** umsjónarkennari: **Ásgeir Haraldsson.**

## Helstu samstarfsaðilar í rannsóknum

**Íslenskir samstarfsaðilar innan Landspítala** Erfða- og sameindalæknisfræði, hjartalæknisfræði,

kvensjúkdóma- og fæðingarlæknisfræði, lyflæknisfræði, meinafræði, nyrnalæknisfræði, ofnæmislæknisfræði, ónæmisfræði, sýkla- og veirufræði, smitsjúkdómalæknisfræði; svæfinga- og gjörgæslulæknisfræði.

## Íslenskir samstarfsaðilar utan Landspítala

ArcticMass, Greiningar og ráðgjafastöð ríkisins, Íslensk erfðagreining.

Háskóli Íslands: Lyfjafræðideild; efnifræðideild; félagsvísindadeild; hagfræðideild; sálfræðideild; verkfræði- og náttúruvísindadeild.

Háskólinn í Reykjavík.

## Erlendir samstarfsaðilar

**Austurríki:** Medical University of Vienna, Biomed AG Vienna; Paris Lodron University of Salzburg.

**Bandaríkin:** Mayo Clinic, Rochester Minnesota; NYU School of Medicine, New York.

**Belgía:** European Cystic Fibrosis Society Patient Registry, Brussel.

**Bretland:** Imperial College, London; Nuffield Department of Medicine and Department of Zoology; University of Oxford, Oxford, Pathogen Genomics, Wellcome Trust Sanger Institute, Hinxton; Royal Free Hospital, University College of London; University of Bristol; University of Oxford, Oxford; University of Bristol, School of Cellular and Molecular Medicine. Institute of Food Research, Bristol University. Southampton Children Hospital. St Mary's Hospital London.

**Danmörk:** Copenhagen University, Statens Serum Institut, Copenhagen; Odense University Hospital. Scandinavian Cystic Fibrosis Study Consortium.

**Finland:** Department of Pediatrics, Kuopio University Hospital, Kuopio, Finland; Department of Pediatrics, Oulu University Hospital, Oulu, Finland; Department of Pediatrics, Turku University central hospital, Turku; Department of Pediatrics, Tampere University Hospital, Tampere; Helsinki University Central Hospital, Helsinki.

